

Nd.

32. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Orðin „enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til“ í næstsíðustu málsgri.
1. gr. falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði það, sem hér er lagt til að sella niður, hefur valdið almennri óánægju meðal bænda og áskoranir um afnám þess verið samþykktar viðs vegar um land og yfirleitt einróma. Hér skulu þó aðeins birtar tvær samþykktir: frá síðasta aðalbúnaðarþingi og frá stofnfundi Stéttarsambands bænda.

Búnaðarþing samþykkti eftirfarandi tillögu með 24:1 atkv.:

„Búnaðarþing telur sig ekki hafa misnotað það fé, er það hefur fengið til ráðstöfunar á undanförnum áratugum, og álítur því ómaklega þá tortryggni, er kom fram á Alþingi í garð þess með breytingu þeirri, er Alþingi gerði á frv. til laga um búnaðarmálasjóð, þar sem áskilið er, að landbúnaðarráðherra samþykki áætlun fyrir sjóðinn, og þar sem hér er eingöngu um að ræða fjárframlag frá landbúnaðinum, leggur búnaðarþing áherzlu á, að þetta ákvæði verði numið úr lögum.“

Samþykkt stofnfundar Stéttarsambands bænda var svo hljóðandi:

„Fulltrúafundur bænda, haldinn að Laugarvatni dagana 7.—9. september 1945, ályktar að skora á Alþingi að nema það ákvæði úr lögum um búnaðarmálasjóð, að ráðstöfun á fé sjóðsins sé háð samþykki landbúnaðarráðherra.“

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Auk þessa hafa Búnaðarfélagi Íslands borizt svipaðar áskoranir og mótmæli viðs vegar af landinu, t. d. frá mjög mörgum aðalfundum búnaðarsambandanna, aðalfundum kaupfélaga o. fl.